

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Heiði, lóð 18, frístundalóð við Faxa í Tungufljóti.*

Breytingin felur í sér að í kjölfar undanþágu frá ákvæði d-liðar 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er heimilað að stækka byggingarreit þannig að norðvesturmörk hans liggja 70 m frá miðlínu Biskupstungnabrautar í stað 100 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 1. júlí 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**